

# *Könnun á ferðavenjum sumarið 2010*

*Unnið fyrir samgönguyfirvöld*



**Land-  
ráð sf**

**Dr. Bjarni Reynarsson**

**Skipulagsfræðingur**

## Efnisyfirlit

Ágrip.....	2
Inngangur.....	3
Ferðir út fyrir búsetusvæði.....	4
Innanlandsflug.....	12
Ferðavenjur á höfuðborgarsvæði.....	20
Viðauki I: Spurningalisti.....	27
Viðauki II: Fyrri kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum.....	30
Viðauki III: Þróun umferðar – upplýsingar frá Vegagerðinni.....	31
Viðauki IV: Þróun innanlandsflugs – upplýsingar frá ISAVIA.....	33

Forsíðumynd: *Hjólreiðamenn við munna Héðinsfjarðarganga. Vegagerðin.*

## Ágrip

Helstu niðurstöður viðhorfskönnunar á ferðavenjum sumarið 2010 eru eftirfarandi:

### Ferðir út fyrir sveitarfélag.

- Meðalfjöldi ferða út fyrir sveitarfélag á 3 mánaða tímabili sumarið 2010 reyndist vera 13 ferðir sem er meira en í síðustu könnun að vetri 2009 (11 ferðir) en færri en á þenslutímanum 2007 – 2008 (15 ferðir).
- Ferðir til höfuðborgarsvæðisins eru af svipuðum fjölda og áður eða 12 ferðir. Eins og í fyrri könnunum eru ferðir frá jaðarbyggð (ferðabeltið) mjög tíðar eða 24 ferðir að meðaltali og 2 frá landsbyggðakjörnum. Íbúar Reykjanesbæjar fóru að meðaltali 3 ferðir á viku til höfuðborgarsvæðisins.
- Breytingar á ferðavenjum eru ekki miklar frá fyrri könnunum þótt ferðum með einkabílum fari hægt fækkandi en þær voru 85%. Um 20% sögðust hafa breytt ferðavenjum eftir efnahagshrun.
- Ferðir í sumarhús og með aftanívagna reyndust álíka margar og í sumarkönnun 2007.
- Breikkun Suðurlandsvegur og jarðgöng voru efst á óskalistanum um framkvæmdir en stuðningur við Sundabraut hefur dalað mikið frá fyrri könnunum.

### Innanlandsflug.

- Notkun innanlandsflugs hefur dalað lítillega frá fyrri könnunum. Svarendur fljúga að meðaltali 2 ferðir innanlands á ári 2010 en fóru 2,2 ferðir 2007.
- Svarendur í landsbyggðakjörnum fljúga að meðaltali 4,2 sinnum innanlands á ári og íbúar höfuðborgarsvæðisins 0,9 sinnum.
- Flug til útlanda hefur minnkað meira en innanlandsflug, var 1,9 ferðir að meðaltali 2007 en 1,1 ferð samkvæmt sumarkönnun 2010. Jókst 2010 samkvæmt gögnum ISAVIA.
- Meirihluti allra svarenda eða 57% vilja halda miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýrinni og um helmingur svarenda á höfuðborgarsvæði.

### Ferðavenjur á höfuðborgarsvæði.

- Notkun einkabílsins hefur dregist saman á höfuðborgarsvæðinu úr 86% allra ferða í veturinn 2007- 2008 í 81% sumarið 2010. Um 32% svarenda segist nota einkabílinn minna en fyrir tveimur árum. Svarendur sem búa vestan Kringlumýrarbrautar nota einkabílinn minna og ganga og hjóla meira en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins.
- Mikill viðsnúningur hefur orðið í viðhorfum til æskilegra framkvæmda frá 2008. Nú vilja flestir bæta almenningssamgöngur, minnka umferð einkabíla og bæta göngu- og hjólastíga. Áður vildu flestir flýta Sundabraut og bæta stofnbrautakerfið.

## Inngangur


Skýrsla þessi er unnin fyrir samgöngufirvöld af Land-ráði sf í samvinnu við Miðlun ehf. Hún er kostuð af Vegagerðinni og ISAVIA (áður Flugstoðir). Þetta er sjötta könnun Landráðs sf fyrir samgöngufirvöld þar sem unnið er með sömu könnunarstaði.

Meginmarkmið þessara kannana er að fá skýra mynd af ferðavenjum innanlands og breytingum á þeim. Upplýsingarnar eru hugsaðar sem grunn gögn við almenna stefnumótun í samgöngumálum, sérstaklega fyrir endurskoðun á samgönguáætlun.

Viðhorfskönnunin, sem er netkönnun, fór fram í september 2010 og tók aðallega til tímabilsins júní til ágústloka 2010 þ.e. ferðir yfir sumarið. Sambærileg könnun var gerð fyrir sumarið 2007 og einfaldari könnun sumarið 2004 auk 3 kannana þar sem spurt var um ferðavenjur að vetrarlagi. Rúmlega 800 manns tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfallið um 53%.

Könnunarstaðir voru þeir sömu og í fyrri könnunum. Þeir eru: Höfuðborgarsvæðið, Árborg, Reykjanesbær og Akranes (jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins), Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir (landsbyggðakjarnar). Þá er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta.


Könnunin skiptist í þrjá þætti; a) ferðir út fyrir búsetusvæði, b) innanlandsflug og c) ferðir innan höfuðborgarsvæðis. Spurt var 26 spurninga um ferðavenjur (sjá spurningalista í viðauka I). Þær eru að mestu þær sömu og í fyrri könnunum. Stefnt er að því fylgjast með þróuninni í samgönguvenjum með árlegum viðhorfskönnunum á næstu árum, þ.e. spurt verði um ferðavenjur að vetri og að sumri til skiptis sitt hvort árið til þess að fá glögga mynd af breytingum á ferðavenjum samhliða samfélagsbreytingum.



## Ferðir út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði


### Fjöldi ferða út fyrir sveitarfélag.

Meðalfjöldi ferða út fyrir sveitarfélag eða höfuðborgarsvæðið sumarið 2010 voru 10 sem er svipuð tala og í fyrri könnunum (3 mánaða tímabil). Ferðum fækkaði veturinn 2008- 2009 í 11 ferðir að meðaltali sem afleiðing kreppunnar en þær höfðu verið 15 á þenslutímanum 2007 – 2008. Ferðir að vetri eru yfirleitt færri (mynd 1). Í gögnum Vegagerðar má sjá að umferð á 16 talningastöðum minnkaði um 6,4% sumarið 2010 miðað við sömu mánuði 2009 og um tæp 5% frá áramótum (Sjæ viðauka III).



Mynd 1

Eins og í fyrri könnunum Land-ráðs sf var töluverður munur á fjölda ferða eftir aldri, kyni og búsetu sumarið 2010 (mynd 2). Karlar ferðast meira en konur og þeir sem eru á miðjum aldri meira en aðrir. Eins og fyrr er meðalfjöldi ferða mun meiri frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins en frá höfuðborgarsvæði og landsbyggðakjörnum vegna tíðra ferða til höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 2

Ef litið er til þess hverjir fóru flestar ferðir sumarið 2010 (10 ferðir eða fleiri), kemur í ljós að karlar eru meira á ferðinni en konur, og eldra fólk meira en yngra. Það er líklega vegna tíðari sumarbústaðaferða eldri aldurshópa á sumrin. Þá eykst hreyfanleikinn með auknum tekjum og fjölda bíla á heimili.

### Ferðamáti.

Spurt var hvernig ferðast þú yfirleitt út fyrir þitt sveitarfélag. Ekki hafa orðið miklar breytingar á ferðamáta sumarið 2010 frá sumrinu 2007 né frá öðrum fyrri könnunum. Helsti munurinn er sá að hlutfall ferða sem bílstjóri hefur aðeins lækkað og hlutfall ferða sem farþegi í bíl aukist að sama skapi. Þetta bendir til þess að fólk ferðist heldur meira saman í ferðalögum út fyrir sveitarfélag. Hlutfall bílferða helst svipað, um 92% allra ferða. Ferðir með rútum og ferjum eru aðeins um 1% hvor flokkur og hlutur innanlandsflugs er svipaður, tæp 4% allra ferða. Um 8% svarenda í landsbyggðakjörnum fóru yfirleitt með innanlandsflugi




Mynd 3

### Sumarbústaður.

Í könnuninni var spurt hvort svarendur hefðu aðgang að eða ættu sumarbústað. Um 37% sögðust hafa aðgang að sumarhúsi og 14% svöruðu að þeir ættu sumarbústað, þ.e. rúmur helmingur svarenda hafði því aðgang að sumarhúsi. Í könnun sumarið 2004 var samsvarandi tala 46% og 42% sumarið 2007.

Eins og fram kemur á mynd 4 er sumarbústaðaeign breytileg eftir aldri og búsetu, þ.e. eykst eftir aldri og er hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu. Athygli vekur að sumarbústaðaeign er hlutfallslega mikil á Ísafirði og í Reykjanesbæ. Ekki er mikill munur á sumarbústaðaeign eftir menntun og tekjum. Þó má sjá að fólk með yfir meðaltekur á meira af sumbústöðum en aðrir en ekki fólk í hæsta tekjuflokknum.




Mynd 4

**Ferðir í sumarbústað.**

Svarendur fóru að meðaltali 5,4 ferðir í sumarbústað sumarið 2010. Það er mjög svipað og sumarið 2007 þegar meðalfjöldi ferða var 5,2. Í könnun sumarið 2004 voru aðeins þeir sem áttu sumarbústað spurðir þessarar spurningar. Þá var meðaltalið 10 ferðir sem sýnir að þeir sem eiga sumarhús fara mun oftar þangað en þeir sem aðeins hafa aðgang að sumarhúsi. Eins gæti verið að aukinn fjöldi húsbýla og húsvagna hafi dregið úr sumarbústaðaferðum almennt á síðustu árum.

Um 42% svarenda fóru tvisvar sinnum eða sjaldnar í sumarbústað sumarið 2010 og 12% 11 sinnum eða oftar. Þeir sem fóru oftast var fólk 55 ára og eldra og svarendur í Reykjanesbæ og Árborg.




Mynd 5

**Tjaldvagnar, fellihýsi og hjólhýsi.**

Þegar spurt var um eignarhald á þessum farartækjum sögðust um 20% eiga a.m.k. eitt þeirra en 80% sögðust ekki eiga slík tæki sem er sama niðurstaða og í sumarkönnun 2007.


Eignarhald á þessum farartækjum er nokkuð mismunandi eftir aldri og búsetu. Það er hlutfallslega mest hjá fólki 35 - 44 ára og eldri aldurshópum og hún er tiltölulega mikil á Egilsstöðum en lítil á Ísafirði þar sem sumabústaðaeign er mikil. Þá er slík eign mun algengari meðal fólks í úthverfum Reykjavíkur og grannsveitarfélögum borgarinnar á höfuðborgarsvæðinu en í eldri hverfum Reykjavíkur.



Mynd 6

**Fjöldi daga með tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi.**

Að meðaltali notuðu svarendur þessi fartæki í 11 daga sumarið 2010 sem er sama tala og sumarið




Mynd 7



2007. Notkunin var nokkuð breytileg. Karlar töldu sig nota þessi fartæki meira en konur og eins jókst notkunin með aldri. Þá notuðu svarendur á höfuðborgarsvæðinu þessi farartæki meira en aðrir svarendur


**Meðalfjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins.**

Meðalfjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins voru 12 ferðir sumarið 2010 sem er svipaður fjöldi og í fyrri könnunum Land-ráðs sf (mynd 8).



Mynd 8

Ferðir til höfuðborgarsvæðisins eru mjög breytilegar eftir undirhópum. Karlar fara mun oftar til höfuðborgarsvæðisins en konur og tíðni ferða minnkar með hærri aldri. Aðalmunurinn er eftir




Mynd 9

búsetu eins og áður, því að fólk í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins fer margfalt oftar þangað en þeir sem búa í landsbyggðakjörnum sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu. Sem dæmi má nefna að svarendur í Reykjanesbæ fóru að meðaltali 35 ferðir til höfuðborgarsvæðisins þessa þrjá sumarmánuði,

Það eru tæplega 3 ferðir á viku að meðaltali. Samsvarandi tölur fyrir Selfoss eru 22 ferðir yfir sumarið og 18 hjá svarendum á Akranesi.

**Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi? (þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis)**


Um 26% svarenda áttu oftast erindi vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I), 36% milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Reykjavík II), 19% austan Elliðaáa (Reykjavík III), 17% sunnan Fossvogsdals (Grannsvettarfélag) og 7% í nágrenni höfuðborgarsvæðis. Þannig að 76% eiga erindi innan marka Reykjavíkur. Í könnun meðal flugfarþega 2006 kom fram að meirihluti svarenda eða 52% áttu erindi vestan Kringlumýrarbrautar eða í miðborgina og nágrenni.



Mynd 10

**Hefur ferðafjöldi aukist eða minnkað?**

Meðalfjöldi ferða út fyrir sveitarfélag sumarið 2010 hefur vaxið frá lágmarki veturinn 2009. Tæp 60% segjast nú ferðast álíka mikið og fyrir fjórum árum. Um 16% ferðast meira og 25% minna.




Mynd 11

Í könnun í mars 2009 (kreppukönnun) sögðust 39% hafa breytt ferðavenjum, þ.e. ferðast minna vegna efnahagsástands og tæpur helmingur sagðist nota bílinn minna, en í sumarkönnun 2010 segjast aðeins 20% ferðast minna. Athygli vekur að þeir sem eru með hæstar tekjur sögðust hafa ferðast meira innanlands sumarið 2010 en áður. Líklega hafa þeir tekjumeiri ferðast meira innanlands í sumarafri sínu en áður í stað utanlandsferða.

**Mikilvægasta framkvæmd við samgöngukerfið næstu misseri.**

Í samgöngukönnunum Land-ráðs sf frá 2007 hefur verið spurt um mikilvægustu framkvæmd við samgöngukerfi landsins næstu misseri. Í sumarkönnun 2010 hafa óskir um stórfamkvæmdir við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins og Sundabraut misst vægi, en óskir um jarðgöng og breikkun Suðurlandsvegjar eru nefnd af flestum sem mikilvægustu framkvæmdirnar.



Mynd 12

Eins nefna hlutfallslega fleiri en í síðustu könnun umbætur á hringveginum.

Aðrar framkvæmdir sem nefndar eru í sumarkönnun 2010 eru; koma á strandflutningum nefnt af 14% svarenda, flutningur flugstarfsemi úr Vatnsmýri 3% og ný Hvalfjarðargöng 3%. Varðandi jarðgöng nefna flestir göng á Vestfjörðum 11% og á Austfjörðum 8%. Af þeim 7% sem nefna annað eru bættir vegir á sunnanverðum Vestfjörðum langefstir á blaði.

**Samantekt.**

Meðalfjöldi ferða út fyrir sveitarfélag eða búsetusvæði er heldur minni en á þenslutímanum 2005 til 2007 og er tíðnin svipuð fyrir 4-5 árum. Samkvæmt gögnum Vegagerðar var umferð um 5% minni í janúar til september 2010 en árið 2009. Ekki hefur dregið úr meðalfjöldaferða til


höfuðborgarsvæðisins frá fyrri könnunum. Um fjórðungur svarenda segjast hafa dregið úr notkun einkabílsins frá því fyrir efnahagshrun.

Tíðni ferða í sumarhús og með aftanívagna er svipuð og sumarið 2007. Sama á við ferðir til höfuðborgarsvæðisins þær eru síst minni en áður. Þeir sem þangað fara eiga helst erindi vestan Elliðaána. Varðandi æskilegar framkvæmdir eru breikkun Suðurlandsvegur og ný jarðgöng efstar á blaði en áhugi fyrir Sundabraut hefur minnkað verulega.

## Innanlandsflug


### Fjöldi flugferða sumarið 2010.

Að meðaltali flugu svarendur í sumarkönnun 0,7 sinnum innanlands sumarið 2010. Það er svipuð niðurstaða og í fyrri könnunum ef frá er talið heldur lægra hlutfall í vetrarkönnun 2009 þegar áhrifa efnahagskreppunnar var farið að gæta verulega. Samkvæmt gögnum ISAVIA var fjöldi farþega í innanlandsflugi 3,2% minni janúar til september 2010 og sömu mánuði 2009 (sjá viðauka IV). Sami fjöldi fór um Reykjavíkflugvöll sumarið 2010 og 2009 um 130 þúsund farþegar



Mynd 13

Eins og í fyrri könnunum er umtalsverður munur eftir félagshópum og búsetu. Karlar fljúga mun oftar en konur og elsti aldurshópurinn flaug oftar en þeir yngri eða að meðaltali 2 ferðir hver. Eins og í fyrri könnunum kemur fram að fólk sem býr í landsbyggðakjörnum flýgur oftar en fólk sem býr á höfuðborgarsvæði og nágrennabyggðum.




Mynd 14

Reyndar hefur hlutfallið fyrir landsbyggðakjarnanna lækkað töluvert frá sumarkönnun 2007 þegar meðaltalið var 1,9 ferðir en hlutfallið er svipað fyrir höfuðborgarsvæðið í báðum könnunum. Þarna munar töluvert um færri ferðir frá Egilstöðum sem voru 2,1 ferð að meðaltali sumarið 2007 en aðeins 1 ferð 2010..

**Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?**

Eins og fram kemur á mynd 13 hefur nokkuð dregið úr innanlandsflugi frá því fyrir efnahagsskreppu. Reyndar sýna tölur fyrir 2005 svipaða niðurstöðu og 2010, þ.e. 2 ferðir að meðaltali. Rétt er að minna á að stór hluti landsmanna notar innanlandsflug aldrei eða mjög sjaldan. Þannig sögðust 52% svarenda í sumarkönnun 2010 aldrei nota innanlandsflug, 26% 1 – 2 sinnum á ári, 17% 3 – 9 sinnum og 4% oftár en 10 sinnum. Þannig að fimmtungur svarenda er að fljúga oftár en 3 sinnum á ári. Ef aðeins er litið til þeirra sem segjast nota innanlandsflug tvöfaldast meðalfjöldi flugferða í um 4 ferðir á ári.




Mynd 15

Mikill munur er milli félagshópa og búsetu. Karlar fljúga mun oftár en konur en ekki er mikill munur milli aldurshópa. Aftur á móti er mikill munur eftir búsetu. Þannig fljúga svarendur í landsbyggðakjörnum að meðaltali 4,2 ferðir, íbúar á höfuðborgarsvæðinu 0,9 sinnum og í jaðarbyggðum 0,6 ferðir að meðaltali. Ísfirðingar fljúga að meðaltali 3,7 sinnum á ári, Akureyringar 5,2 sinnum og Egilstaðabúar 3,9 sinnum. Meðalfjöldi flugferða eykst með hærri tekjum og meiri menntun.

**Flýgur þú oftár eða sjaldnar en fyrir 4 árum?**

Flestir svarendur eða 63% segjast fljúga nú álíka oft og fyrir 4 árum. Um 7% segjast fljúga oftár og 30% sjaldnar. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í sumarkönnun 2007 nema hvað heldur fleiri sögðust þá fljúga oftár. Þannig að efnahagsástandið hefur leitt til heldur minni notkunar innanlandsflugs eins


og kom fram í meðalfjölda flugferða. Hæst hlutfall þeirra sem segjast fljúga nú minna er hjá elstu aldurshópnum, fólki með lægri tekjur og eins hjá svarendum í landsbyggðakjörnum.



Mynd 16

### Á hvers vegum er flogið?

Mikill meirihluti svarenda eða um 70% flýgur á eigin vegum sem er svipuð niðurstaða og í fyrri könnunum. Um 20% flýgur yfirleitt á vegum einkafyrirtækis og 10% á vegum opinberra aðila. Hlutfall þeirra sem fljúga á vegum opinberra aðila hefur farið lækkandi samkvæmt fyrri könnunum.




Mynd 17

Hlutfall þeirra sem fljúga á vegum opinberra aðila er heldur hærra á höfuðborgarsvæðinu en annarra búsetusvæða eða 22%. Sama á við um hlutfall þeirra sem fljúga á vegum einkafyrirtækja 13%. Fleiri konur en karlar fljúga á eigin vegum. Ekki er mikill munur milli aldurshópa en þeir sem ekki eiga bíl fljúga oft en aðrir á eigin vegum. Hlutfall þeirra sem fljúga á vegum einkafyrirtækja og opinberra aðila vex með meiri menntun og hærri tekjum.

**Hvað einstök aðgerð eða framkvæmd gæti leitt til þess að þú flygir oft?**


Mikill meirihluti eða 74% nefnir lægri flugfargjöld og 12% fleiri afsláttartilboð á netinu. Aðrir möguleikar eins og tíðara flug og flug til fleiri staða er aðeins nefnt af 1% til 2% svarenda. Þetta eru mjög sambærileg svör og í fyrri könnunum.



Mynd 18

**Notar þú innanlandsflug þegar þú ferð í flug til útlanda (landsbyggðakjarnar)?**

Um 37% svarenda í landsbyggðkjörnum sögðust oft eða alltaf nota innanlandsflug á leið til útlanda, 10% sjaldan og 54% mjög sjaldan eða aldrei. Um 56% svarenda á Egilsstöðum sögðust alltaf eða mjög oft nota innanlandsflug á leið til útlanda, mun oft en svarendur á Ísafirði og Akureyri.




Mynd 19



### Hve oft flýgur þú til útlanda að jafnaði á ári?

Mikill breytileiki hefur verið á meðalfjölda flugferða til útlanda á síðustu árum. Meðalfjöldi var 1,9 ferð 2007 og vex svo í 2,6 ferðir 2008, en spurt var í mars 2008 fyrir efnahagshrun. Þá fellur tíðni í 1,3 ferðir 2009 og 1,1 ferð 2010.




Mynd 20

Um þriðjungur svarenda sumarið 2010 sögðust aldrei eða mjög sjaldan fljúga til útlanda, 33% að meðaltali einu sinni á ári, 18% 2 til 3 á ári og 5% 4 sinnum eða oftar. Karlar fljúga oftar en konur og þeir sem eru á miðjum aldri oftar en aðrir. Svarendur á höfuðborgarsvæði og jaðarbyggðum fljúga nokkuð oftar en svarendur í landsbyggðakjörnum. Meðalfjöldi flugferða eykst með auknum tekjum og meiri menntun.


### Ert þú sammála eða því að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýri?

Um 23% eru mjög eða frekar sammála því að flytja eigi flugstarfsemi úr Vatnsmýri og 57% frekar eða mjög ósammála. Um 20% eru hlutlausir. Í vetrarkönnun í mars 2009 voru 22% hlyntir því að flugstarfsemi væri flutt úr Vatnsmýrinni, 68% andvígir því og 10% hlutlaus. Þannig að hlutfall hlutlausra hefur vaxið og andstaðan við flutning heldur dalað. Svipaður fjöldi eða um fimmtungur vill flytja flugstarfsemina.



Mynd 21

Eins og fram kemur á mynd 22 fór andstaðan við flutning vaxandi frá 2005 til 2009 og minnkaði í 57% í sumarkönnun 2010. Viðhorf eftir búsetu fylgja svipaðri þróun.




Mynd 22

Mikill meirihluti svarenda í landsbyggðakörnum eða yfir 80% vill halda flugvöllinum á sama stað. Um helmingur íbúa höfuðborgarsvæðisins eru sama sinnis 2010 og 44% svarenda í jaðarbyggðum. Um 45% Reykvíkinga vilja flugvöll á sama stað, 28% vilja hann burt og 28% eru hlutlaus eða hafa ekki gert upp hug sinn.

Ef litið er nánar á hvernig þeir skiptast eftir undirflokkum sem vilja flytja flugstarfsemi burt úr Vatnsmýri kemur í ljós að karlar eru hlynntari því en konur og að andstaðan við flugvöllinn eykst með aldri svarenda. 29% svarenda á höfuðborgarsvæðinu og 28% Reykvíkinga vilja flugvöllinn burt úr

Vatnsmýri , 27% svarenda í jaðarbyggðum en aðeins 9% svarenda í landsbyggðakjörnum. Meðaltal fyrir alla könnunarstaði er um 23%




Mynd 23

### Ef flytja á flugstarfsemi úr Vatnsmýri hvert á þá að flytja hana?

Mikil óvissa hefur verið um framtíð flugstarfsemi í Vatnsmýri síðustu ár og magar tillögur komið fram um hvert skyldi flytja miðstöð innanlandsflugs ef yfirvöld ákveða að flytja hana. Þetta kemur skýrt fram í sumarkönnun 2010 þar sem meira en helmingur svarenda eða 53% veit ekki hvert ætti þá helst að flytja flugstarfsemina.

Þeir kostir nærri Vatnsmýri sem helst hafa verið í umræðunni , Hólmsheiði og Löngusker eru aðeins valdir af 3% og 15% svarenda. Stuðningur við Keflavík hefur dalað mikið frá könnun 2008 úr 51% í 29% svara. Í könnun 2008 voru mun færri óvissir um aðra staðsetningu eða 27% svarenda. Þá eins og í sumarkönnun fá Hólmsheiði og Löngusker lítinn stuðning. Það er því greinilegt að vaxandi fjöldi fólks finnst enginn af núverandi valkostum fyrir nýja miðstöð innanlandsflugs ásættanlegur.

Fjöldi þeirra sem velja Keflavík vex með aldri svarenda og hækkandi tekjum. Flestir svarendur í landsbyggðakjörnum velja Löngusker líklega vegna þess að sá staður er nærri miðborginni. Aðeins 13% svarenda í landsbyggðakjörnum velja Keflavík. Mikill meirihluti í Reykjanesbæ velur eðlilega Keflavík og svarendur í Árborg Hólmsheiði vegna þess að sá staður er á leið þeirra til höfuðborgarsvæðisins. Um 36% svarenda á höfuðborgarsvæðinu velur Keflavík og er sá stuðningur mestur meðal þeirra sem búa vestan Elliðaáa. Íbúar Reykjavíkur eru ekki hlynntir valkostunum innan borgarmarkanna, aðeins 3% velja Hólmsheiði og 14% Löngusker, en 38% Keflavík.



Mynd 24

### Samantekt.

Töluvert hefur dregið úr notkun innanlandsflugs við efnahagshrunið miðað við þenslutímann 2005 til 2007. Samkvæmt gögnum ISAVIA um fjölda flugfarþega hefur þeim fækkaði um fimmtung frá 2007.. Einnig dró mikið úr flugi til útlanda 2008 -2009 samkvæmt gögnum ISAVIA en um 13% aukning var janúar – september 2010 frá sama tíma 2009 (viðauki IV).

Um 70% svarenda fljúga á eigin vegum samkvæmt sumarkönnun 2010 og um tveir þriðju segjast nú fljúga álíka oft og fyrir 4 árum. Meðalfjöldi flugferða innanlands á ári er samkvæmt sumarkönnun 2010 2 flugferðir, 0,9 ferðir hjá svarendum á höfuðborgarsvæði og 4,2 hjá svarendum í landsbyggðakjörnum. Fólk hefur minna ráðstöfunarfé og vill því gjarnan sjá lægri flugfargjöld. Um tveir þriðji hluti svarenda segist nú 2010 fljúga álíka oft innanlands og fyrir 4 árum

Meirihluti landsmanna er á móti því að flytja flugstarfsemi úr Vatnsmýrinni en andstaðan hefur heldur minnkað frá síðustu könnun. Engir af kostunum sem hafa verið í umræðunni um nýja miðstöð innanlandsflugs fær afgerandi stuðning.

### Ferðavenjur á höfuðborgarsvæðinu.


Í könnun Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta (sjá mynd 22). Reykjavík I, (með Seltjarnarnesi) Reykjavík II, Reykjavík III (með Mosfellsbæ) og grannsveitarfélög höfuðborgarsvæðisins sunnan Fossvogs.



Mynd 25

### Fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar .


Meðalfjarlægð milli heimilis og vinnustaða er misjöfn eftir búsetu svarenda. Styst hjá þeim sem búa milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar í Reykjavík II 4,5 km. Næst styst hjá þeim sem búa vestan Kringlumýrarbrautar eða 6,6 km, þá hjá þeim sem búa sunnan Fossvogsdals í grannsveitarfélögum Reykjavíkur 7 km. Lengst hjá þeim sem búa austan Reykjanesbrautar 7,2 km.



Mynd 26

### Meðalferðatími.

Meðalferðatími svarenda á höfuðborgarsvæðinu milli heimilis og vinnustaðar hefur verið milli 10 og 11 mínútur í síðustu þremur könnunum samkvæmt þeirra eigin mati. Rétt er að taka fram að þetta er ekki byggt á nákvæmum mælingum og margir nefna 5 og 10 mínútur sem ferðatíma. Sambærilegar niðurstöður úr könnunum Land-ráðs sf o.fl. aðila benda til að þetta séu nokkuð rétt niðurstaða.




Mynd 27

Nokkur munur er á ferðatíma eftir búsetu, aldri o.fl. breytistærðum. Í samræmi við meðalvegalengd milli heimilis og vinnustaða hefur stysti ferðatíminn í könnunum Land-ráðs sf verið hjá þeim sem búa miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Reykjavík II ) og lengstur hjá þeim sem búa í úthverfunum. Í könnuninni 2010 var stysti ferðatíminn eftir borgarhlutum í Reykjavík II um 10:30 mínútur og lengstur í Reykjavík III um 12 mínútur. Athygli vekur að meðalferðatími þeirra sem búa vestan Kringlumýrarbrautar er nokkuð langur eða tæpar 12 mínútur.

Mun meiri munur kom fram eftir aldri þ.e. að meðalferðatími yngsta aldurshópsins er lengstur um 13 mínútur en stystur hjá þeim elstu rúmar 6 mínútur. Meðalferðatími karla er nokkuð meiri en kvenna eða 12:40 mínútur á móti 10:30 mínútur. Meðalferðatími þeirra sem ekki eiga bíl er lengstur eða 21 mínúta.

### Meðalfjöldi ferða á virkum degi.

Meðalfjöldi ferða ( ein ferð er ferð milli staða A og B) hefur verið svipaður í könnunum Land-ráðs sf á bilinu 3,6 til 3,9 ferðir að meðaltali. Meðalfjöldi ferða sumarið 2010 reyndist 3,8 ferðir. Það má því segja að fólk á höfuðborgarsvæðinu fari að meðaltali um tvær ferðir fram og til baka frá heimili á virkum degi (þótt ekki séu allar ferðir tengdar heimili).




Mynd 28

Ekki er mjög mikill munur á fjölda ferð eftir breytistærðum. Karlar fara nokkuð fleiri ferðir en konur og ferðafjöldi eykst með aldri. Þeir sem búa miðsvæðis (Reykjavík II) fara færstar ferðir að meðaltali (mynd 27).

**Hve löngum tíma eyðir þú í bíl á virkum degi að meðaltali?**

Í sumarkönnun 2010 telja svarendur að þeir eyði að meðaltali 37 mínútum í bíl á virkum degi sem er mun styttri tími en fram kom í vetrarkönnun 2008 sem var 52 mínútur. Þetta er þó í fullu samræmi við margföldun á meðalfjölda ferða (3,8) og meðal ferðatíma (10:30) sem gefur 39 mínútur. Í sumarkönnun 2007 var meðaltími í bíl á virkum degi 41 mínúta, sem gefur vísbendingar um færri ferðir að sumri en vetri þegar skólar eru starfandi og frístundastarfsemi er meiri.




Mynd 29

Karlar eyða meiri tíma í einkabíl en konur þótt verulega hafi dregið úr þeim tíma frá könnuninni 2008. Athygli vekur að elsti aldurshópurinn eyðir meiri tíma í bíl en yngri fólk og sá tími hefur ekki styst frá 2008 eins og hjá öðrum aldurshópum. Fólk búsett í úthverfum höfuðborgarsvæðisins eyðir meiri tíma í bíl en þeir sem búa vestan Elliðaáa.

**Ferðamáti.**

Ferðamáti á höfuðborgarsvæðinu hefur breyst nokkuð frá því fyrir efnahagshrun þ.e. að hlutfall þeirra sem nota yfirleitt einkabíl til sinna ferða hefur lækkað úr 86% frá vetrarkönnun í mars 2008 í 81% í sumarkönnun sem gerð var í september. Þessi þróun var hafin samkvæmt vetrarkönnun 2009 en þá sögðust 84% yfirleitt fara á eigin bíl sinna erinda.




Mynd 30

Á móti fækkun ferða á eigin bíl kemur hlutfallsleg fjölgun hjá þeim sem fara gangandi og hjólandi sem að hluta skýrist af því að könnunin 2010 er gerð að sumarlagi en 2008 að vetri. Ekki er aukning á ferðum með strætó frá vetrarkönnun 2008 og sama á við um fjölda þeirra sem ferðast yfirleitt sem farþegar í einkabíl.

Ef litið er á ferðamáta eftir borgarhlutum kemur í ljós að Reykjavík I (vestan Kringlumýrarbrautar) sker sig frá öðrum hlutum höfuðborgar svæðisins. Þar er notkun einkabílsins lang minnst eða 64% en milli 80% til 90% í öðrum borgarhlutum. Þar sögðust 16% yfirleitt fara gangandi allra sinna ferða og 8% á reiðhjóli. Aftur á móti er notkun strætó ekki meiri en í öðrum borgarhlutum sem er einna mest miðsvæðis í Reykjavík og í grannsvæðingum.






Mynd 31


**Notar þú einkabílinn meira eða minna en fyrir tveimur árum?**

Um 32% svarenda segjast nú nota einkabílinn minna nú en fyrir tveimur árum, 58% svipað og 11% meira.



Mynd 32


Karlar segjast hafa dregið meira úr notkun bíla en konur og þeir eldri meira en þeir yngri. Svarendur í lægri tekjuflokkum segist nú nota bílinn minna en áður. Svarendur búsettir austan Elliðaáa hafa dregið minna úr notkun einkabílsins en aðrir á höfuðborgarsvæðinu en svarendur sunnan Fossvogsdals mest.



Mynd 33

**Hvaða ferðamáta aðra en einkabílinn notar þú nú meira en áður?**


Þeir sem sögðust hafa dregið úr notkun einkabílsins voru spurðir um hvaða annan ferðamáta þeir notuðu nú meira en áður. Langflestir eða um 52% sögðust nú fara oftar gangandi og 28% nota hjól meira. Um 9% sögðust fara oftar með öðrum í bíl og 8% oftar með strætó. Nokkrir sögðust nota mótórhjól meira og taka oftar leigubíl.



Mynd 34

**Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri?**

Gefnir voru upp 10 kostir til að velja á milli auk þess að nefna mátti annað? Á mynd 34 er sýndur samanburður á svörum í könnunum sumrin 2007 og 2010. Greinilegar áherslubreytingar koma fram frá fyrri könnun. Nú eru mikilvægustu kostirnir að bæta almenningssamgöngur eða 39% svara og að minnka umferð einkabíla 12%. Í könnun sumarið 2007 nefndu flestir að byggja Sundabraut 39% og að auka umferðarrýmnd stofnbrauta 19% (fleiri mislæg gatnamót og fleiri akreinar).



Mynd 35

Önnur atriði sem hlutfallslega margir nefna 2010 eru að bæta hjóla- og göngustíga 9% og að koma á léttlestarkerfi 8%. Sundabraut og umbætur á stofnbrautakerfi fá nú aðeins 8% hvor kostur. Stokkur við Klambratún fær 4% og að fjölga bílastæðum í miðbæ 3%.

**Samantekt.**

Það er greinilegt að efnahagshrunið hefur haft töluverð áhrif á ferðavenjur fólks á höfuðborgarsvæðinu. Margir hafa dregið úr notkun einkabílsins og fara oftár gangandi eða nota reiðhjól. Fólk segist eyða minni tíma í einkabíl en áður. Þá hefur orðið viðhorfsbreyting í þá veru að í stað þess að telja mikilvægast fyrir samgöngur á höfuðborgarsvæðinu að auka umferðarrýmnd fyrir einkabílinn koma fram óskir um bættu strætisvagnþjónustu og umbætur á göngu- og hjólastígum. Þó má segja að breytt viðhorf til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki skilað sér í sama mæli í tölum um minni notkun einkabílsins enn sem komið er.

## Viðauki I

### spurningalisti

#### A Ferðir út fyrir búsetusvæði

1. Hve oft ferðast þú út fyrir þitt sveitarfélag (byggðasvæði) í sumar, júní til ágústloka (allar ferðir)?
2. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú oftast út fyrir sveitarfélag? (Í eigin bíl, farþegi með öðrum í bíl, með rútu, með flugi, með ferju, með öðrum hætti)
3. Hefur þú aðgang að eða átt þú sumarbústað?
4. Hversu oft heimsóttir þú hann í sumar?
5. Átt þú tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi?
6. Hvað notaðir þú það marga daga sl. sumar?
7. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í sumar? (landsbyggðarfolk)
8. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?
9. Ferðaðist þú meira eða minna innanlands síðasta sumar en að jafnaði fyrir efnahagshrun? (meira, svipað, minna)

#### B Innanlandsflug

1. Hve oft flaugst þú innanlands síðustu þrjá mánuði (júní – júlí og ágúst)?
2. Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
3. Flýgur þú nú meira, minna eða svipað innanlands og fyrir 3 – 5 árum?
4. Á hvers vegum flýgur þú yfirleitt innanlands? a) eigin vegum, b) á vegum opinberra aðila (ríkis eða sveitarfélaga), c) á vegum einkafyrirtækis
5. Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði?
6. Notar þú innanlandsflug þegar þú ferð í flug til útlanda? (aðeins svarendur sem búa í landsbyggðarkjörnum)
7. Hvaða einstaka aðgerð/framkvæmd gæti leitt til þess að þú flygir oftár innanlands? (for flokkað)
8. Ert þú sammála eða ósammála því að flytja eigi miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri? (5 flokkar)
9. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri hvert á þá að flytja hana? (Hólmsheiði, Löngusker, Keflavík, annað, hvert? )
10. Hvert á höfuðborgarsvæðinu átt þú oftast erindi? a) Vestan Kringlumýrarbrautar (miðbæinn) b) Milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (Kringlan – Skeifan) c) Austan Reykjanesbrautar (Breiðholt-Grafarvogur-Mosfellsbær) d) Sunnan Fossvogsdals (Kópavogur til Hafnarfjarðar) e) Suðurnes f) Annað

#### C) Ferðir fólks á höfuðborgarsvæðinu (skipt í 4 svæði – aðeins fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis)

1. Hve langt er milli heimilis og vinnustaðar í km?
2. Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði?
3. Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi? – öll erindi (ein ferð = milli A og B)
4. Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?

5. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis?
6. Notar þú nú meira aðra ferðamáta en einkabíl en fyrir efnahagshrunið fyrir 2 árum? (já, nei).  
Ef já, hvaða ferðamáta?
  - a) Fer meira gangandi
  - b) Nota meira reiðhjól
  - c) /mótorhjól
  - d) Nota meira strætisvagna
  - e) Fæ oftast far með öðrum í bíl
  - f) Nota meira leigubíla.
7. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti? (forflokkað)

**Bakgrunnsbreytur:**

Kyn

Aldur

Búseta

Fjöldi á heimili

Menntun

Heimilistekjur

Fjöldi bíla á heimili

## Viðauki II

### Fyrri kannanir Land-ráðs sf á ferðavenjum


#### *Unnið fyrir samgönguyfirvöld*

- 1) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Sumarferðir 2004*, nóvember 2004
- 2) Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða: *Vetrarferðir 2004 – 2005*, ágúst 2005
- 3) *Erlendir ferðamenn á Íslandi: Þróun á ferðavenjum og áhrif á samgöngukerfi*, júní 2006
- 4) *Könnun meðal farþega í innanlandsflugi, í mars – apríl 2006*, september 2006
- 5) *Ferðir til Reykjavíkur frá 16 landsbyggðasvæðum*, október 2006
- 6) *Ferðavenjur sumarið 2007*, janúar 2007
- 7) *Ferðavenjur veturinn 2007 – 2008*, október 2008
- 8) *Könnun á ferðavenjum í mars 2009 (Kreppukönnun)*, apríl 2009
- 9) *Könnun á ferðavenjum sumarið 2010*, október 2010


### Viðauki III

#### Þróun umferðar – upplýsingar frá Vegagerðinni

Magn umferðar á 16 talningastöðum Vegagerðarinnar hefur sveiflast mikið til síðustu ár í takt við sveiflur í efnahagslífinu. Uppsveifla umferðar náði hámarki 2007 í lok þenslutímabilsins frá 2004 en minnkaði um tæp 3% frá fyrra ári 2008. Árið 2009 jókst umferð um 2,3% þrátt fyrir efnahagshrun en frá janúar til september 2010 hefur umferð dregist saman um tæp 5%. Umferðin janúar til september 2010 er aðeins 9% meiri en hún var sömu mánuði 2005 en var 14% meiri 2009.




Umferð yfir sumarmánuðina er mun meiri en að vetri og var hún svipuð sumarið 2010 og sumurin 2007 –og 2008. Hún var um 4,7% minni sumarið 2010 en 2009.



Þróun umferðar síðustu misseri hefur verið breytileg eftir landshlutum. Á tímabilinu janúar til september 2010 var mesti samdráttur á umferð frá sama tíma árið 2009 8,6% á Suðurlandi en minnst á Norður- og Austurlandi um tæp 2%. Umferð á höfuðborgarsvæðinu drógst saman um 3,7%.

Sumarið 2010 (janúar – ágúst) dróst umferð saman um 6,4% miðað við sumarið 2009. Mestur var samdrátturinn á Suðurlandi 12% en minnst á Norðurlandi 1,9%. Umferð á höfuðborgarsvæðinu drógst saman um 4,3%.







### Viðauki IV

#### Þróun innanlandsflugs - Upplýsingar frá ISAVIA

Samkvæmt gögnum frá ISAVIA hefur fjöldi farþega í innanlandsflugi verið nokkuð breytilegur. Toppur var á fjölda farþega árin 1998 til 2000 og önnur uppsveifla var frá 2003 til 2007, en árið 2007 flugu um ein milljón manna innanlands. Með efnahagskreppunni hefur dregið umtalsvert úr farþegafjölda eða um rúm 18% frá 2007. Fækkun farþega árið 2009 var um 10,7% frá fyrra ári.




Ef litið er til könnunarstaða Land-ráðs sf, Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða og Ísafjarðar fækkaði farþegum um 3,2% janúar – september 2010 frá sama tíma árið áður, þannig að dregið hefur verulega úr fækkun farþega frá árunum 2008 og 2009. Mikið hefur dregið úr fækkuninni 2010 frá




fyrri ári, þannig var nokkur fjölgun flugfarþega á Akureyri.

Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur verið umtalsverð fækkun farþega um alla þessa flugvelli frá árinu 2007 (tölur fyrir janúar til september). Mest fækkun á Egilsstöðum 46%, þá Reykjavík 16%, Ísafirði um 12% og 9% á Akureyri. Heildarfækkun á öllum flugvöllum var um 19% á tímabilinu 2008 – 2010.



Um helmingur allra flugferða innanlands fara um Reykjavíkflugvöll. Næst kemur Akureyri með 23%, Egilsstaðir með 12%, Ísafjörður 6% og aðrir flugvellar eru með 12%.



Brottfarir Íslendinga um Keflavíkflugvöll drógust mikið saman árið 2009 í kjölfar efnahagskreppunnar haustið 2008 eða um 44% (miðað er við tölur fyrir janúar til september). Frá áramótum 2009/2010 hefur aftur á móti orðið aukning frá fyrra ári um tæp 13% í ferðum landans.